

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 2. TBL. 17. ÁRG. 2011



LAGADAGUR 2011:
UPPGJÖR VIÐ
LAGAHYGGJUNA



HÖFUM VIÐ EFNI Á ÞVÍ
AÐ VEITA AFSLÁTT AF
GRUNDVALLARREGLUM?



Af vettvangi félagsins

| | |
|---|----|
| Borgar Þór Einarsson: Leiðari | 4 |
| Ingimar Ingason: Tölfræði Lögmannafélags Íslands | 6 |
| Brynjar Níelsson: Pistill formanns | 16 |

Umfjöllun

| | |
|---|----|
| Eyvindur G. Gunnarsson: Lagadagurinn 2011: Bókstafur laganna - Uppgjör við lagahyggjuna | 8 |
| Ingvi Snær Einarsson: Muna að taka afrit af skjölum! | 13 |
| Viðtal við Ásu Ólafsdóttur: Höfum við efni á að veita afslátt af grundvallarreglum? | 14 |
| Eyrún Ingadóttir: Hvað á að gera við gögnin? Um skjalavörslu lögmanna | 18 |

Aðsent efni

| | |
|--|----|
| Þyrí Halla Steingrímsdóttir: Félag kvenna í lögmennsku minnst aldarafmælis: Auður Auðuns, frumkvöðull og fyrirmynd | 24 |
| Stefán Geir Þórisson: Dómur EFTA dómstólsins í máli nr. E-2/10 og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-10868/2009 | 26 |
| Jens Pétur Jensen: Lén fyrirtækja oft verðmæt réttindi | 30 |

Á léttum nótum

| | |
|---|----|
| Tékkar í námsferð | 12 |
| Golfsumarið 2011 | 17 |
| Útskrift hdl. | 19 |
| Meistaramót LMFÍ 2011 í utanhússknattspyrnu: Mót vítaspyrnukeppinnar | 20 |
| Af Merði lögmanni | 22 |
| Undirbúningur aldarafmælis LMFÍ | 28 |
| Eyrún Ingadóttir: Snæfellsjökull sem hvarf | 29 |

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Borgar Þór Einarsson

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Brynjar Níelsson hrl., formaður
Jónas Þór Guðmundsson hrl.,
varaformaður
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri
Borgar Þór Einarsson hdl. ritari
Óskar Sigurðsson hrl. meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari

FORSÍÐUMYND:
Amtmannshúsið á Arnarstapa.
Ljós m.: Árni Björn Valdimarsson

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



The power to do more

Starfsmennirnir **fíla** þær, tölvudeildin **elskar** þær



Latitude fartölvur

Verð frá kr. **169.950**

- Aukið öryggi
- Enn öflugri þráðlaus nettenging
- Slitsterkari
- Tilbúin fyrir rafræn skilríki
- Möguleiki á rafhlöðu með 3ja ára ábyrgð

5 ára

varahlutaábyrgð

fyrstu 3 árin er vinna á verkstæði EJS innifalín í útskiptingu á varahlut



OptiPlex borðtölvur

Verð frá kr. **119.950**

- Endurhönnun frá grunni
- Nettari – betri nýting á vinnurými
- Aukinn áreiðanleiki
- Áhersla á umhverfisvernd
- Betri orkunýting

5 ára

varahlutaábyrgð

fyrstu 3 árin er vinna á verkstæði EJS innifalín í útskiptingu á varahlut

Ný kynslóð af Dell tölvum fyrir atvinnulífið: **Þrautreyndar fyrirtækjatölvur frá Dell**

Dell hefur endurhannað hinar vinsælu Latitude fartölvur og OptiPlex borðtölvur. Nýjungarnar koma til móts við þarfir kröfuharðra viðskiptavina, en áfram verður hægt að nota aukahluti á borð við dokkur. EJS býður þér heildstæða þjónustu svo þú munt aldrei þurfa að leita annað með neitt sem snýr að Dell tölvunni þinni.



HJÁVEITURÉTTLÆTIÐ

MANNI VAR KENNT að hér á landi gildi ákæruréttarfar og sú er víst enn staðan, svona almennt séð. Að undanfögnu hefur gamla rannsóknarréttarfarið hins vegar fundið sér farveg framhjá meginstefnu gildandi réttarfars. Þegar ekki þykir henta að leita til þar til bærra yfirvalda um að rannsaka mál, ákæra og fá niðurstöðu hjá sjálfstæðum og óvilhöllum dómstólum, þá er einfaldlega farin önnur leið til að „réttlætið“ nái fram að ganga.

Þeir sem til þess hafa vald skipa nefndir til að leiða „sannleikann“ í ljós. Undir hælinn er lagt hvort þeir sem fjallað er um fái komið að sjónarmiðum sínum eða varið hendur sínar að öðru leyti á meðan rannsóknarrétturinn er að störfum. Tilurð þessara mála má stundum rekja til þess að einhverjir telja á sér brotið eða einhverjir telja að eitthvað verulega mikið hafi farið úrskæðis í höndum einhverra annarra.

Stundum eru þessar nefndir skipaðar til að „lægja öldur“ eða til þess „leiða sannleikann í ljós“ svo hægt sé að „halda áfram“. Nefndarstarfinu er með öðrum orðum frá upphafi markaður sá farvegur að einhver verði áfelldur, einstaklingar eða stofnanir - að öðrum kosti hefur nefndin brugðist hlutverki sínu. Þetta er jú lykilþáttur í öllu rannsóknarréttarfari.

Ekki má vanmeta það gagn sem hafa má af rannsóknarnefndum hvers konar. Upplýsing mála færir menn vitaskuld nær sannleikanum og þar með réttlætinu. Slíkar nefndir og niðurstöður þeirra geta þó ekki og mega ekki undir neinum kringumstöðum koma í staðinn fyrir að menn leiti réttar síns fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstólum, þar sem stífar formreglur gilda og mannréttindi sakadra manna eru í hávegum höfð.

Formhlið réttarfars er nefnilega ekki upp á punt. Forminu er ætlað að

tryggja að efnisleg niðurstaða mála verði eins nálægt hinu eina rétta og nokkur kostur er. Það er þess vegna varasöm þróun þegar lagt er upp í leiðangra í leit að sannleika og réttlæti út fyrir þann farveg sem markaður er af formreglum réttarfarsins. Þetta á til að mynda við í málum sem verið hafa í umræðunni síðustu misseri þar sem fram koma ásakanir um refsivert athæfi eftir að fyrningarfrestir eru liðnir. Slíkar ásakanir eru mikið áfelli fyrir þann sem þær beinast að og á hann í slíkum tilvikum litla sem enga möguleika á því að bera hönd fyrir höfuð sér.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni þeim sem láta sig grundvallargildi og -reglur réttarríkisins varða, að sakir séu í sífellt ríkari mæli gerðar upp utan við hefðbundna farvegi réttarríkisins. Þetta hjáveituréttlæti mun leiða til ófarnaðar ef ekki verður spyrnt við fótum.

RÝMI 75 ÁR
1936-2011
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki

Afmælis-
tilboð á
hillum
-20%

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpilát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



Sumarmálstofa 26. júlí

Eru gögnin örugg?

Við viljum trúa því að gögn sem við vinnum með á borðum, í skjalageymslum, tölvum, ljósritunarvélum eða á leið til förgunar séu örugg, en eru þau það? Hvað getum við gert til að tryggja öryggi þeirra, hvaða kröfur setur löggjafinn?



26. júlí býður Gagnaeyðing til málstofu um leiðir til að tryggja öryggi gagna í rekstri fyrirtækja og stofnana, hvernig kröfur til upplýsingaöryggis hafa þróast hér innanlands og erlendis, um viðurkennt verklag í stjórnun upplýsingaöryggis og kröfur löggjafans um öryggi trúnaðarupplýsinga.

Dagskrá málstofunnar:

- **Örugg meðhöndlun gagna, þróunin á Íslandi** – Gagnaeyðing ehf, Rúnar Már Sverrisson
- **Alþjóðlegar vottunarkröfur NAID** – Knights International Consultancy Ltd, Bob Knights
- **Raunlægt öryggi gagna**, vottunarkröfur samkvæmt IST ISO/IEC 27001 staðlinum – Admon ehf, Arnaldur F Axkjörð
- **Lagalegar kröfur um meðhöndlun gagna** – LEX ehf, Erla S. Árnadóttir

Staður og tími: Bæjarflöt 4, Grafarvogi 26. júlí kl. 8.30 – 11.00.

Boðið verður upp á morgunverð og umræður að loknum erindum.

Skráning fyrir 21. júlí með tölvupósti á gagnaeyding@gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 568 9095 · www.gagnaeyding.is

Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega.

Byrjaðu að spara strax í dag.



Landsbankinn


landsbankinn.is

410 4000



JÓNSSON & LEMACKS · 1115 · SÍA · NBÍHF (LANDSBANKIINN) ÁKT. 471008-0230

Mikil fjölgun félagsmanna



Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.




Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

8% fjölgun milli ára

Félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands eru nú 892 og hefur fjölgað um 66 frá fyrra ári eða um 8%. Hefur félagsmönnum ekki fjölgað jafn mikið síðan milli árunna 2000 til 2001, en þá fjölgaði þeim um rúm 11%.

Af þessum 892 félagsmönnum eru héraðsdómslögmenn 612 og hæstaréttarlögmenn 280. Alls eru 400 lögmenn sjálfstætt starfandi og 187 lögmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 264 talsins, þar af 81 hjá ríki eða sveitarfélögum og 183 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 41 talsins.



Grafið sýnir fjölgun félagsmanna í LMFÍ á tímabilinu 2001-2011.


Konur nú 27,2% félagsmanna

Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 243 konur. Þar af eru 35 hæstaréttarlögmenn. Sjálfstætt starfandi konur í lögmennsstétt eru 75 talsins og 70 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 96 konur sem innanhússlögmenn, þar af 34 hjá ríki eða sveitarfélögum og 62 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru 2 kvenkyns lögmenn hættir störfum.

Konum hefur fjölgað jafn og þétt undanfarin ár og er hlutfall þeirra af heildarfjölda félagsmanna komið í 27,2%, samborið við 19% árið 2002.




Grafið sýnir þróun kynjahlutfalls félagsmanna í LMFÍ á tímabilinu 2002-2011.



Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

Helmingur karlkyns félagsmanna sjálfstætt starfandi

Af félagsmönnum eru 649 karlar, þar af er 245 hæstaréttarlögmenn. Af þessum 649 körlum eru 325 sjálfstætt starfandi og 117 félagsmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Sem innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfar 168 karlar, þar af 47 hjá ríki eða sveitarfélögum og 121 hjá fyrirtækjum eða félagsamtökum. Þá eru 39 karlkyns lögmenn hættir störfum.




Grafið sýnir aldurshlutfall (%) lögmanna eftir kynjum, þ.e. hlutfallslega skiptingu á tilteknum aldursskeiðum.


Aldursdreifing

Aldursdreifing félagsmanna er lítið breytt milli ára en þó hækkar hlutfall kvenna meðal yngstu kynslóða lögmanna

lítillaga. Þannig eru 84% kvenkyns lögmanna 49 ára eða yngri en hlutfall karlkyns lögmanna undir 49 ára aldri er 61%. 44% karla undir 49 ára aldri, eru sjálfstætt starfandi en aðeins 26% kvenna. Hlutfall karlkyns lögmanna 49 ára og yngri, sem starfa sem fulltrúar á lögmannsstofum er 25%, en hlutfall kvenkyns lögmanna á sama aldursbili er 33%. Þá er hlutfall innanhússlögmanna miðað við sömu aldursforsendur 31% hjá körlum en 40% hjá konum. Þegar sambærileg skipting er skoðuð milli þeirra sem eru 50 ára og eldri kemur í ljós að munurinn milli kynja er minni. Þannig er hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna í þessum aldurshópi 59% hjá körlum, en 55% hjá konum. Hlutfall þeirra sem starfa sem fulltrúar lögmanna í þessum aldurshópi er 7% hjá körlum en 5% hjá konum. Töluvert meiri munur er á hlutfalli kynjanna þegar kemur að innanhússlögmönnum í þessum aldurshópi, en 19% karlkyns lögmanna í þessum hópi starfa sem slíkir á móti 35% kvenna.



Grafið hér að ofan sýnir aldurshlutfall karlkyns lögmanna eftir því hvar þeir starfa.



Grafið hér að ofan sýnir aldurshlutfall kvenkyns lögmanna eftir því hvar þeir starfa.

Ingimar Ingimarsson

Lagadagurinn 2011

Bókstafur laganna: Uppgjör við lagahyggjuna

ÞVÍ HEFUR VERIÐ haldið fram að eitt helsta einkenni íslensks réttarkerfis sé svokölluð „lagahyggja“ og að íslenskir lögfræðingar séu öðru fremur „lagatæknar“ eða „formalistar“ sem láti formið ganga framar efninu. Sagt hefur verið að þessi hugsun hafi átt sinn þátt í hruninu haustið 2008. Þetta tengist aðferðarfræði lögfræðinnar. Álitaefnið er hvort skýringum á lögum, sem og almennri aðferðarfræði, hafi verið ábótavant.

Til þess að ræða þessi álitaefni á aðalmálstofu lagadags voru fengnir þrír lögfræðingar og tveir heimspekingar. Framsögumenn voru Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við HÍ, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst og Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við lagadeild HÍ. Í pallborði sátu Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við HÍ og Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður. Málstofustjóri var Eyvindur G. Gunnarsson, dósent við lagadeild HÍ.

Leiðindi laganna

Vilhjálmur Árnason lýsti því hvernig hugtakið lagahyggja hefði verið notað í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um siðferði og starfshætti. Hann sagði



Á aðalmálstofu Lagadagsins 2011 ræddu Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Hafsteinn Þór Hauksson og Vilhjálmur Árnason um bókstaf laganna og uppgjör við lagahyggjuna. Í panil sátu Þórunn Guðmundsdóttir og Róbert H. Haraldsson en stjórnandi var Eyvindur G. Gunnarsson. F.v. Ingibjörg og Hafsteinn Þór.

m.a. að lagahyggja væri ekki viðleitni til að komast framhjá lögum heldur leið við túlka þau og beita þeim þannig að það stangaðist á við megintilgang þeirra. Sú afstaða að líta á lög og reglur sem hindranir fremur en leiðbeiningar um vandaða starfshætti fæli í sér hættu á því að tilgangur eða „andi“ laganna væri vanmetinn. Lögmenn beittu klókindum til að sveigja reglur og finna lagagloppur sem þjónuðu skammtímahagsmunum umbjóðenda sinna en héldu sig engu að síður „innan ramma laganna“.

Þá nefndi hann svokallaðar „laga-

tæklingar“ og vísaði þar m.a. til þess orðatiltækis úr boltanum að menn hafi viljað spila eins fast og dómariinn leyfði. Það viðhorf innan bankanna mætti nefna leiðindi laganna, „eftirlit væri bara bögg ... bara bölvuð leiðindi og auðvitað væri allt leyfilegt sem ekki væri beinlínis bannað“, eins og haft var eftir forstjóra FME.

Vilhjálmur nefndi afstöðu eftirlitsaðila til viðfangsefnis síns og laganna. FME hafi t.d. litið á áhyggjur Hollendinga af Icesave sem „kerfislegar áhyggjur“ en eftirlitið hafi viljað halda sig við bókstaf

Fjöldmargir ánægðir lögfræðingar eru að nýta sér þjónustu okkar, með góðum árangri.



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Simaversins er m.a.:

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, mállistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagjöja.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Simaverið ehf., Póllgötu 2 400 Ísaförö. Sími 450 5500, fax 450 5501
 heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is



Líflegar umræður spunnust á aðalmálstofunni um bókstaf laganna.

laganna sem takmarkað hafi valdheimildir þess. Einungis hafi verið spurt hvort bankinn hafi brotið lög, en ekki í hvaða skyni lögunum skuli beitt. Af því megi ráða að FME hafi skilgreint verkahring sinn þröngt.

Þá yrði ekki annað ráðið en að eftirlitsaðilar hafi skilgreind verkahring sinn þröngt.

Skortur á valdbeitingarþreki

Því næst tók Vilhjálmur fram að hann teldi eftirlitsaðila hér á landi hafi skort það sem nefna mætti valdbeitingarþrek. Hafi fyrirverandi Seðlabankastjóri t.d. talið að erlendis hafi menn „treyst sér til þess að beita þvingunarvaldi og taka áhættuna af því.“

Þá vísaði Vilhjálmur til hagfræðings nokkurs sem tekið hafi svo til orða að

horfði maður á ... „fjármálakerfið fara fram af brúninni, en af því að það gerir það samkvæmt lögum, þá er það bara fínt.“

Vilhjálmur lýsti „tæknilegri laga-hyggju“ í þessum skilningi svo að hún fæli í sér að lögmenn og eftirlitsaðilar túlkuðu lög þröngt sem stangaðist á við tilgang laganna. Þetta væri annað en lausung í meðferð laga því lögin væru tekin alvarlega á sinn hátt en laga-bókstafurinn þó ekki túlkaður í anda laganna. Loks tók hann fram að starfsreynsla og þjálfun í beitingu laga væri nauðsynleg en starfsmenn eftirlitsaðila hafi skort þá reynslu. Þá hafi lagakennslu á afmörkuðum sviðum færst í vöxt en minna verið lagt upp úr tengingum við önnur réttarsvið, lagatúlkun og aðferðafræði. Þegar við þetta bættist hörð hagsmunagæsla væri

hætt við að menn hengdu sig í lagabókstafinn og tilgangur laganna verði aukaatriði.

Vanmáttur laganna

Ingibjörg Þorsteinsdóttir gerði að umtalsefni tvö atriði af þekkingar-fræðilegum toga sem tengdust beint eða óbeint lagahyggju. Annars vegar tilhneigingin til að láta sem lögfræðilegt mat sé siðferðislega hlutlaust og hins vegar hvernig hugtakið réttarheimild er notað.

Í upphafi tók Ingibjörg fram að hið fyrsta sem hún staldraði við í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefði verið vanmáttur laga til að veita viðnám og leiðsögn um aðferðir sem hefðu getað forðað fjármálakerfinu frá þeirri fíldjörfu leið sem bankarnir fóru í rekstri sínum.

Ingibjörg vék að því að það væri tálsýn ein, eða jafnvel blekking, að láta sem lögfræðilegt mat sé siðferðilega hlutlaust. Lagahyggja væri það sem kalla mætti formalisma eða jafnvel íhaldssaman vildarrétt. Með þessu væri í meginatriðum átt við þá forsendu að lögin væru lokað rökrétt kerfi, þ.e. hægt væri að komast að lagalega réttari niðurstöðu með því að leita að lagareglunni sem hljóti að vera til og vera óháð öðrum þáttum. Sá sem hefði svo þrönga sýn á lög og lagatúlkun gæti talið sig komast að réttari lagalegri niðurstöðu jafnvel þótt hún væri í andstöðu við það sem að væri stefnt, niðurstaðan væri óskynsamleg, jafnvel ósiðleg og veitti enga vernd þeim hagsmunum sem lögunum væri ætlað



Meðferð stórra efnahags-brotamála

Rökstólar um meðferð stórra efnahags-brotamála var vinsælasta málstofan að þessu sinni en þar ræddu Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari, Kristín Edwald hrl., Arngrímur Ísberg héraðs-dómari og Ólafur Eiríksson hrl. saman undir styrki stjórn Sigurðar Tómasar Magnússonar prófessors. F.v. Ólafur Þór, Kristín, Sigurður Tómas, Arngrímur og Ólafur.



Ofríki eftirlitsaðila? - Ný ákvæði samkeppnislaga

Ný samkeppnislög voru til umfjöllunar á einni málstofunni. F.v. Ásgeir Einarsson aðstoðarforstjóri, Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., Jóna Björk Helgadóttir hdl., Dóra Sif Tynes hdl., Andrés Magnússon lögfræðingur og framkvæmdastjóri og Gizur Bergsteinsson hdl.

að vernda. Hluti lagalegrar aðferðar fælist í því að beita siðferðilegri dómgreind.

Þótt ekki væri hægt að henda reidur á því taldi Ingibjörg að þetta viðhorf hefði verið algengara í íslenskri lögfræði á síðari árum. Tilgáta hennar væri sú að þessi tilhneiging hefði fengið ákveðinn fræðilegan stuðning í ríkjandi umræðu í réttarheimspeki hér á landi. Nefna mætti áherslu á að aðgreina lagatækni frá siðferðilegu mati og lögskýringarferlinu væri lýst sem fullkomlega rökréttu og línulegu. Efaðist hún um að þetta endurspeglaði það sem raunverulega gerðist. Þá væri lítið gert út gildi markmiðsákvæða í lögum og deilt um það hvort slík ákvæði ættu yfir höfuð heima í lögum, ákveðin andstaða væri við markmiðsskýringu laga o.fl. Af sama toga væru fræðilegar efasemdir um að vilji löggafans geti verið lögskýringargagn.

Tæknilega rétt niðurstaða en siðferðilega röng

Seinna atriðið sem Ingibjörg vék að tengdist viðtekinni lagalegri aðferð, þ.e. skilningi á réttarheimildum. Væri viðtekið að einblína á normatíva skilgreiningu en samkvæmt henni væru heimildir bindandi þegar þær uppfylltu skilyrði þess að vera réttarheimild samkvæmt almennt viðurkenndum viðmiðum. Mætti segja að viðtekin fræðileg nálgun birgði mönnum sýn í stað þess að vera tæki til að lýsa því sem gerðist. Þó væri verra að hún legði ekkert af mörkum við móton réttarins til framtíðar. Ekki væri sérstaklega gagnlegt að móta nýja þekkingu á grundvelli þess sem væri „almennt viðurkennt“ því viðurkenningin kemur vanalega eftir á. Hugmyndin um réttarheimildir sem fyrirframingin viðmið sem byggjast á því sem er almennt viðurkennt ýti ekki undir skapandi hugsun eða frumleika.

Þegar saman færi að menn legðu mikla áherslu á hlutleysi lagalegra niðurstöðu, án tengsla við markmið löggjafar og afleiðingar eða áhrif niðurstöðunnar á sama tíma og gengið væri út frá því að réttarheimildir séu einungis þær heimildir sem fyrirfram eru gefnar sem nothæf viðmið, væri hættan sú að niðurstaðan gæti orðið „tæknilega“ rétt en siðferðilega röng eða fullkomlega óskynsamleg eða ófær um að leysa úr vandamáli sem henni er ætlað með viðunandi hætti. Þá um leið misstu lögin möguleika á því að hafa áhrif í hegðun fólks sem þó væri vanalega talið til mikilvægustu eiginleika þeirra.

Hinn siðferðislegi bakgrunnur textaskýringar

Hafsteinn Þór Hauksson taldi stóran hluta gagnrýnninnar byggjast á ranghugmyndum um lögin, um kennslu í lagadeildum og þekkingarskortri á gangverki réttarkerfisins. Gagnrýnin væri



Stafrænn veruleiki - Höfunda réttur í ljósi tækniframfara

Rætt var um þá breytingu sem orðið hefur síðustu ár á miðlun menningarlegs efnis á höfundarréttarmálstofu. F.v. Halldór Þ. Birgisson hrl., Jón Vilberg Guðjónsson skrifstofustjóri, Gunnar Guðmundsson hdl. og frkvstj., Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður og Ragnar Jónasson hdl. og rithöfundur. Á myndina vantar Hjördís Halldórsdóttur hdl. en hún stjórnaði málstofunni.



Stjórnskipun í mótun - Hlutverk Alþingis og staða þess gagnvart handhöfum framkvæmdavalds

Framsögumenn um grunnþætti íslenskrar stjórnskipunar voru Ragnhildur Helgadóttir prófessor, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og Þorsteinn Pálsson frv. ráðherra og ritstjóri en Björg Thorarensen prófessor stjórnnaði málstofunni. F.v. Gunnar, Ragnhildur og Björg.

um margt ruglingsleg. Þó mætti e.t.v. greina ákveðinn kjarna í gagnrýninni og hann væri sá að íslenskir lögfræðingar legðu ofuráherslu á þröngan lagabókstafinn og tæknileg vinnubrögð en tækju ekki tillit til þeirra markmiða og hugmynda sem byggju að baki lögunum. Þannig sé það hundsáð sem kalla megi anda laganna.

Hann taldi marga hafi dregið alltof víðtækar ályktanir af dæmum þeim sem nefnd væru í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Ekki þyrfti að útskýra fyrir neinum að lögfræðileg niðurstaða yrði ekki fundin út með aðferðum raunvísindanna. Hún yrði aldrei vélræn eða mekanísk. Ástæðurnar væru ýmsar, svo sem að ekki hefðu verið sett lög um allt milli himins og jarðar og því verði að beita óskráðum réttarheimildum; orð í lagatexta væru margræð og merking þeirra breyttist með tímanum; lög væru sett um þjóðfélagsfyrirbrigði sem tækju breytingum í tímans rás, t.d. vegna tækniframfara.

Litið hefði verið svo á að grundvöllur túlkunar á settum lögum væri hinn skráði texti ákvæðisins. Staði eitthvað skýrum stöfum í lagasafninu ætti fólk almennt að geta treyst því að réttarstaða þess væri í samræmi við eðlilegan málskilning á texta ákvæðisins. Fyrir þeirri aðferð lægju mikilvæg siðferðisleg rök að láta lagalega niðurstöðu velta á orðalagi þeirrar reglu sem samþykkt hefur verið á lýðræðislegum vettvangi fremur en á réttlætis- og siðferðiskennd dómarans. Með slíku fyrirkomulagi væri réttaröryggi tryggt og fólki gert kleift að gera sér grein fyrir gildandi rétti og skipuleggja athafnir sínar í samræmi við það.

Hafsteinn sagðist raunar ekki viss um að þeir sem krefðust aukinnar áherslu á anda laganna og um leið minni áherslu á bókstaf þeirra, áttuðu sig í raun á því sem þeir bæðu um. Spyrja mætti hvort það væri vilji einhvers að í Hæstarétti sætu einskonar spámenn, Gandálfar, sem strykju sítt skegg og

kæmust að niðurstöðum í samræmi við eigið hyggjuvit í stað þess að halda sig við skýran lagatextann.

Lagalausung í stað lagahyggju

Kjarni málsins væri sá að allir lögfræðingar vissu að hvorki væri mögulegt né æskilegt að túlka lagaákvæði bókstaflega án tillits til samhengis þess. Að sama skapi væri hvorki mögulegt né æskilegt að byggja upp starfhæft réttarkerfi þar sem lagabókstafurinn væri hundsáður og einungis dæmt eftir markmiðum, meginreglum og anda laganna. Spurningin væri sú hvar áherslan skyldi liggja. Hversu mikla áherslu ætti að leggja á orðanna hljóðan og hversu mikla á hin margvíslegu önnur lögskýringarsjónarmið sem almennt væru viðurkennd í íslenskri lögfræði. Svarið við þeirri spurningu væri því miður ekki til. Það færi einfaldlega eftir aðstæðum hverju sinni hversu formalistísk lagatúlkun þyrfti að



Fjölmíðlar - Tjáningarfrelsi og ábyrgðarreglur

Rætt var um ný ákvæði um lýðræðislegar grundvallarreglur og bann við hatusáróðri í fjölmíðlum í frumvarpi til laga um fjölmíðla. F.v. Páll Þórhallsson skrifstofustjóri, Ólafur Stephensen ritstjóri, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., Hulda Árnadóttir hdl., Elfa Ýr Gylfadóttir deildarstjóri og Karl Axelsson hrl. en hann var fundarstjóri.



Er það réttur allra að eignast barn?

Á rökstólum var rætt um ýmis álitamál varðandi ættleiðingar, tæknifrjóvgun og staðgöngumæðrun. F.v. Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna, Kristinn Ingvarsson frkvstj. íslenskrar ættleiðingar, Hrefna Friðriksdóttir dósent, Ástríður Stefánsdóttir læknir og dósent og Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður.

vera. Reifaði Hafsteinn nokkur dæmi um atriði sem hefðu áhrif á það mat.

Niðurstaða Hafsteins var sú að hann teldi íslenskt þjóðfélag frekar þjást af lagalausungu en lagahyggju. Ekki yrði betur séð en að bankarnir hafi veitt lán í berhögg við skráðar og skýrar verklagsreglur. Þá væru þess fjölmörg dæmi að stjórnvöld fylgdu ekki skýrum og afdráttarlausum lagafyrirmælum.

Hafsteinn taldi siðferðiskaflann í rannsóknarskýrslu Alþingis vera gagn sem hjálpaði við sjálfsskoðun og sjálfsgagnrýni. Dæmi hennar um lagahyggju væru mikilvæg og lærdómsrík. En hann vonaði að sjálfsgagnrýnin myndi ekki leiða til enn frekari laga-

lausungar og hirðuleysis gagnvart laganna bókstaf.

Því næst gerðu Róbert og Þórunn, sem sátu í pallborði, grein fyrir sínum sjónarmiðum. Í framhaldinu spunnust líflegar umræður. Þórunn tók sérstaklega fram að málið væri ekki svona flókið, sumir virtust einfaldlega hafa gerst brotlegir við lög fyrir hrun.

Lokaorð

Ármann Snævarr segir í Almennri lögfræði: „Lög eru samansafn orða, en orð eru svo tæki til að tjá hugsanir.“ Orð eru ófullkomið tæki. Leitin að hinni fullkomnu lagareglu mun því ekki bera

árangur. Hér má nefna að lagatexti getur verið margræður. Þá eru lög eru sjaldnast „meistaraverk“, jafnvel þótt vandað sé til lagasetningar. Í umræðunni er því stundum hreyft að löggjöf sé óvönduð, lög ónákvæm og að lagaheimildir skorti. Hvað sem þessu líður er ljóst að lög verður að skýra. Lögfræðingar verða að axla þá ábyrgð. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega vara við þeirri tilhneigingu að skýra lög á þann veg að löggjafanum hafi verið „í lófa lagið“ að gera hitt eða þetta. Það er nefnilega svo auðvelt að vera vitur eftir á!

Eyvindur G. Gunnarsson

Tékkar í námsferð

ÖÐRU HVORU FÆR Lögmannafélag Íslands beiðni um að taka á móti hópum erlendra lögmannna sem koma til Íslands í námsferð og kynna fyrir þeim íslenskt réttarkerfi. Í lok apríl komu 40 lögmennt frá Tékklandi en auk þess að heimsækja LMFÍ fóru þeir í Hæstarétt og á Alþingi. Vonandi hefur LMFÍ tök á því að endurgjalda Tékkum heimsóknina innan tíðar.



Muna að taka afrit af skjölum!

40. gr. Lögmaður skal hafa góða skipan á skrifstofu sinni, vaka yfir störfum starfslíðs síns og líta eftir því, að lögmannsfulltrúar fylgi góðum lögmannsháttum.

Ber lögmanni að sjá til þess, að bókhald skrifstofunnar, varsla fjármuna, skjala og annarra gagna sé í samræmi við lög og góða venju í þeim efnum.

Úr Codex

ÞAÐ ER MIKILVÆGT fyrir lögmennt að halda góðri skipan á skrifstofu sinni og meðal annars sjá til þess að varsla skjala sé í samræmi við lög og góða venju. Í máli úrskurðarnefndar lögmannna nr. 2/2010 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að vinnubrögð lögmanns að þessu leyti hefðu verið aðfinnsluverð.

Tildrög málsins voru þau að lögmaður tók að sér erindisrekstur fyrir kæranda gagnvart tilteknu sveitarfélagi.

Að sögn viðkomandi lögmanns hafi hann ritað bréf til sveitarfélagsins fyrir hönd kæranda. Lögmaðurinn kveðst síðar hafa haft samband símleiðis við sveitarfélagið og að sér hafi verið tjáð að erindið væri til afgreiðslu. Enn síðar fékk lögmaðurinn þær upplýsingar frá sveitarfélaginu að erindið hefði ekki borist.

Kærandi fór fram á skaða- og miskabætur frá lögmanninum auk þess sem hann vildi fá nákvæmar útskýringar frá honum hvers vegna hann hafi brugðist sér í málinu.

Lögmaðurinn vísaði til þess í bréfi til úrskurðarnefndarinnar að honum hafi láðst að halda eftir ljósriti þess bréfs sem hann kvaðst hafa sent sveitarfélaginu. Með því hafi legið fyrir að hann þyrfti að rita nýtt bréf til sveitarfélagsins. Það hafi hann hins vegar ekki gert vegna erindisrekstrar kæranda til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarnefndin vísaði til þess að það félli utan lögbundins valdsviðs

hennar að úrskurða um skaða- eða miskabætur vegna meints fjárhagslegs tjóns af völdum lögmanns. Var þessum þætti í kröfu kæranda því vísað frá.

Nefndin vísaði síðan til þess að það teldist til góðra lögmannshátta að taka afrit af bréfum og eftir atvikum öðrum skjölum sem rituð eru fyrir eða vegna umbjóðenda lögmannna, og varðveita þau, sbr. t.d. 2. mgr. 40. gr. síðareglna lögmannna. Nefndin benti á að nauðsynlegt væri fyrir lögmennt að geta sýnt umbjóðendum sínum, gagnaðilum eða öðrum hlutaðeigandi aðilum þau bréf og önnur skjöl sem rituð eru í tengslum við tiltekið verkefni. Í málinu hafi hinum kærða lögmanni ekki verið unnt að afhenda kæranda afrit umrædds bréfs til að sýna honum að bréfið hafi verið ritað og eftir atvikum sent sveitarfélaginu. Slík vinnubrögð hafi verið aðfinnsluverð.

Ingvi Snær Einarsson bdl.

BBN
BBA // LEGAL

Höfum við efni á að veita afslátt af grundvallarreglum?

PANN 10. MAÍ sótti Ása Ólafsdóttir hrl. fund hjá stækkunarskrifstofu Evrópusambandsins, fyrir hönd stjórnar Lögmannafélags Íslands. Fundurinn er hluti af óformlegu samráði við félagsamtök, í tengslum við stækkun ESB og var Lögmannafélaginu boðið að senda þangað fulltrúa sinn. Ása fór með ýmislegt í pokahorninu sem Lögmannablaðinu lék forvitni á að vita meira um.

„Í fyrsta lagi vakti ég athygli ESB á að lögmenn hefðu vaxandi áhyggjur af aðgengi almennings að dómstólum, í öðru lagi að stöðu fangelsismála á Íslandi, þriðja lagi leit lögreglu á lögmennstofum og fjórða og síðasta lagi um stöðu dómara og dómstóla,“ sagði Ása.

Ef við byrjum á aðgengi almennings að dómstólum, hvað hafðir þú við það að athuga?

„Í fyrsta lagi hefur lögum um meðferð einkamála verið breytt (nr. 7/2005) sem skerða mjög möguleika einstaklinga til þess að fá gjafsókn til höfðunar einkamála. Með 9. gr. reglugerðar nr. 45/2008 var gjafsóknarnefnd enn fremur veitt heimild til þess að fastsetja fjárhæð gjafsóknar í tilteknum málum og dugar til að mynda almennt sú fjárhæð sem ákvörðuð er af gjafsóknarnefnd í forsjármálum skammt. Í öðru lagi benti ég á að ekki er að finna neinar almennar reglur um gjafsókn eða reglur um

endurgreiðslu kostnaðar þegar um er að ræða ágreiningsmál á stjórnarsýslustigi. Í þriðja lagi voru dómsmálagjöld hækkuð verulega með lögum nr. 130/2009, auk þess sem tekin var upp ný aðferð við útreikning gjaldanna en röksemd fyrir hækkun gjaldanna var meðal annars vaxandi kostnaður dómstóla auk þess sem gjöldin áttu að fækka dómsmálum þar sem hagsmunir voru ekki miklir. Að lokum benti ég á að tímagjald verjenda í sakamálum var lækkað (rgl. nr. 715/2009) auk þess sem dómstólar hefðu ítrekað ákvarðað lægri þóknun fyrir störf verjenda og réttargæslumanna en krafa er gerð um, jafnvel þótt hún hefði verið ítarlega rökstudd með tímaskýrslum. Þetta gæti leitt til þess að efnameiri einstaklingar fengju í reynd betri lögfræðiaðstoð en þeir efnaminni við meðferð sakamála. Öll þessi atriði eru til þess fallin að grafa undan réttarríkinu og okkur þótti rétt að benda ESB á það.“

Staða fangelsismála veldur áhyggjum

Hvað með stöðu fangelsismála?

„Fangelsismálayfivöld á Íslandi búa ekki yfir nægu fangarými til þess að afplánun geti hafist fljótlega í kjölfar dóms. Haldinn er listi yfir þá einstaklinga sem dæmdir hafa verið til refsivistar og á hann er forgangsraðað. Þeir sem lenda neðarlega á listanum þurfa að bíða, svo dæmi sé tekið, allt upp í tvö ár og í einhverjum tilvikum lengur. Ekki

er útlit fyrir að úr þessu muni rætast á komandi árum þegar mál í kjölfar bankahrunsins flæða yfir. Ég benti fulltrúum ESB einnig á að á Íslandi væru ekki sérstök gæsluvarðhaldsfangelsi og þeir einstaklingar sem úrskurðaðir væru í gæsluvarðhald því oftast vistaðir í almennum fangelsum. Dæmi væru um að einstaklingar í gæsluvarðhaldi hefðu verið vistaðir í fangaklefum lögreglu allt upp í tólf daga þótt slíkt sé í reynd ekki heimilt að lögum. Þessi atriði geta grafið undan réttarríkinu og eru mikilvæg bæði fyrir þann einstakling sem á hlut að máli og fyrir samfélagið í heild.“

Nú hafa stjórnvöld viðurkennt þennan vanda, ekki rétt?

„Jú, það hafa þau gert og innanríkisráðherra tilkynnti nýlega áform ráðuneytisins um að byggja nýtt fangelsi. Það mun hins vegar taka langan tíma. Auk þess hefur ráðherra einnig mælt fyrir nýju frumvarpi þar sem lagðar eru til rýmkaðar heimildir til samfélagsþjónustu og teknir upp möguleikar á rafrænu eftirliti. Bæði skrefin eru mikilvæg en mun ekki leysa þetta mál eins skjótt og þarf.“

Hugmyndir um hlutverk lögmanna í réttarríkinu

„Á fundinum lýsti ég einnig áhyggjum Lögmannafélags Íslands á því að færst hefur í aukana að heimiluð sé leit á skrifstofum lögmanna í tengslum við rannsókn sakamála. Einkum og sér í

lagi þar sem umfang rannsóknaraðgerða (leitanna) hefur í einhverjum tilvikum verið meira og ómarkvissara en nauðsyn krefur að mati félagsins.

Þetta atriði varðar beint hugmyndir okkar um réttarríki og hlutverk lögmannna í því. Það eru því í reynd tvö atriði sem hér þarf að taka tillit til. Fyrri atriðið er nauðsyn þess að upplýsa um refsiverða háttsemi og hið síðara er hlutverk lögmannna í réttarríkinu; til þess að lögmennt geti rækt skyldu sína gagnvart skjólstæðingum verður að ríkja trúnaður á milli þeirra. Þetta er mikilvæg grundvallarregla. Ef brotið er gegn þessari trúnaðarskyldu, og skjólstæðingar lögmannna geta ekki lengur treyst á að yfirvöld virði þagnarskyldu lögmannna, getur það haft afdrifaríkar afleiðingar til að mynda á möguleikann á að fá réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Á þetta hefur verið bent af Lögmannafélaginu og að ef nauðsyn er að gera slíka leit þurfi hún að vera afmörkuð en ekki almenn. Auk þess er alger nauðsyn að hlutlaus aðili sé viðstaddur slíka leit sem geti metið hvort skjöl, sem óskað er haldlagningar á, varði það tilefni sem til rannsóknar er hverju sinni.“

Áhyggjur af dómskerþnu

Í lokin ræddir þú stöðu dómara og dómstóla á Íslandi. Hverjar eru áhyggjur Lögmannafélagsins varðandi þennan málaflökk?

„Ég reifaði áhyggjur Lögmannafélagsins almennt af stöðu dómara og dómstóla

hér á landi. Í fyrsta lagi hefur lögum verið breytt og dómurum verið fjölgað vegna aukins álags á dómstóla, nú síðast með lögum nr. 12/2011. Nú eru tólf dómarar skipaðir við Hæstarétt Íslands og hafa þeir aldrei verið fleiri. Jafnvel þótt auknu álagi sé mætt að hluta til með skipun fleiri dómara hefur því ekki verið fylgt úr hlaði með nægilegri fjárveitingu. Auk þess skapar aukið vinnuálag hættu á að mistök eigi sér stað og að mál safnist upp. Þá veldur fjölgun dómara áhyggjum og á það hefur verið bent í opinberri umræðu, m.a. af dómara Hæstaréttar, að til þess geti komið að Hæstaréttur dæmi á mismunandi hátt um svipað sakarefni. Þetta gefur tilefni til þess að hafa áhyggjur af stöðu dómstóla og réttarríkisins almennt, hlutverki Hæstaréttar Íslands sem áfrýjunardómstóls og hvort langvarandi álag á dómstólana geti haft áhrif á störf þeirra þegar fram í sækir. Ég benti enn fremur á að á sama tíma og álag á dómara hefur aukist hafi laun þeirra verið lækkuð. Í því ljósi má velja því fyrir sér hvort það muni hafa áhrif á umsóknir um embætti við dómstólana þegar skipað verður í nýjar stöður dómara.

Svo fór ég yfir nýlega breytingar sem gerðar hafa verið á reglum um skipun dómara, með lögum nr. 45/2010. Frá þeim tíma sem löggin tóku gildi hefur ráðherra skipað dómara í þrjú skipti og í öllum tilvikum hefur hann farið að áliti dómnefndar. Þó er rétt að benda á að þessar nýju reglur gilda eingöngu



Ása Ólafsdóttir.

um skipun dómara við héraðsdóm og Hæstarétt Íslands en ekki dómara Íslands á alþjóðavettvangi, svo sem íslenska dómarmanninn í EFTA og við mannréttindadómstólinn.

Ofangreind atriði skipta okkur öll máli, en þau kosta auðvitað líka sitt. Á niðurskurðartímum verðum við samt sem áður að velja því fyrir okkur hvort það sé yfirleitt hægt sé að veita afslátt frá þessum grunnsjónarmiðum. Með öðrum orðum hvort við höfum efni á því sem samfélag. Það voru í hnotskurn þau skilaboð sem ég vildi koma á framfæri fyrir hönd lögmannna.“

BRYNJAR NÍELSSON HRL.



Réttarstaða manna við rannsókn sakamála

EINS OG FRAM hefur komið í fjölmiðlum er sérstakur saksóknari með tugi mála í rannsókn vegna hruns fjármálafyrirtækja. Við rannsókn hvers máls eru einn eða fleiri sakborningar, en þeir eru samtals á þriðja hundrað nú um stundir og fer fjölgandi. Flest mál sem komið hafa til rannsókna hjá sérstökum saksóknara síðustu misserin byggja á kæru eða tilkynningum frá FME eða slitastjórnnum bankanna. Þau mál hafa komið til sérstaks saksóknara án þess að FME eða slitastjórnir hafi tekið skýrslur af þeim sem kunna að búa yfir upplýsingum eða gefið þeim kost á andmælum eða athugasemdum og skýringum. Þegar mál hafa síðan komið til sérstaks saksóknara hafa þessir menn undantekningarlítið fengið réttarstöðu sakbornings.

Sérstakur saksóknari hefur sjálfur lýst því yfir að þeir sem kunni að búa yfir upplýsingum um viðskipti sem til rannsókna eru, sé frekar gefin réttarstaða sakbornings en vitnis við upphaf rannsókna, þar sem það gefi þeim aukin réttindi samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Ég er ekki viss um að þessi nálgun embættisins sé rétt og eðlileg enda hafa mörg mál frá FME og slitastjórnnum verið byggð á misskilningi og vanþekkingu.

Samkvæmt 27. gr. laga um meðferð

sakamála eru ekki aðrir sakborningar en þeir sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi. Ef menn eru sjálfir ekki beinlínis grunaðir um refsiverða háttsemi á ekki að gefa þeim réttarstöðu sakbornings vegna upplýsinga sem þeir kunna að búa yfir. Það er nefnilega ábyrgðarhluti af gefa mönnum stöðu sakbornings, sérstaklega ef það er gert á veikum grunni. Afleiðingar fyrir viðkomandi er gjarnan brottrekstur úr vinnu, útilokun frá atvinnulífi og úthrópun á opinberum vettvangi. Þeir upplifa engin sérstök mannréttindi í því. Það er ekkert því til fyrirstöðu að gefa þeim stöðu vitnis í byrjun og breyta henni í stöðu sakbornings síðar ef raunverulegur grunur kemur upp um refsivert brot viðkomandi. Ákærvaldið komst upp með það í svokölluðu Baugsmáli og rúmlega það.

Nú er það svo að sumir hafa verið sakborningar í rúmlega 2 ár og samkvæmt yfirlýsingum sérstaks saksóknara er ekki von á ákærum í helstu málum fyrr en 2013 og 2014 eða jafnvel síðar. Má þá búast við að rannsókn mála sem hófust í ársbyrjun 2009 ljúki ekki fyrr en þá, með ákæru eða niðurfellingu málanna. Það er ekki ásætlanlegt að menn, sem flestir verða líklega ekki ákærðir, séu sakborningar

árum saman með tilheyrandi fjárhagstjóni og óbætanlegum miska.

Það er eðlilegt að mörgum sé misboðið að vera í stöðu sakbornings von úr viti með tilheyrandi óþægindum, svo ekki sé talað um þá sem settir hafa verið í þessa stöðu á veikum grunni. Ég hef einnig skilning á því að mörgum sé misboðið við framkvæmd handtöku í tengslum við rannsókn embættisins. Í 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála er ákvæði þess efnis að rannsakandi skuli gæta þess við rannsókn mála að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski er óhjákvæmilegt er. Handtökur í líkamsræktarsölum og öðrum áberandi stöðum, myndatökur og aðrar óþarfar og niðurlægjandi aðgerðir samrýmast illa áður nefndu ákvæði laganna með hliðsjón af eðli þessara mála. Sama á við um þá sem þurfa að sæta því að vera í stöðu sakbornings árum saman án þess að nokkuð gerist.

Það þarf að fara varlega í þessum efnum svo ekki verði hér réttarfarsslys sem þarf svo að rannsaka reglulega næstu áratugina. Við verðum að læra af öðrum rannsóknum í sakamálum sem miður hafa farið og legið síðan eins og mara á þjóðinni.



Golfsumarið 2011

EINS OG SÍÐUSTU ár stendur golfnefnd LMFÍ fyrir fimm golfmótum; tveimur innanfélagsmótum og þremur keppnum við aðrar starfsstéttir. Þá hefur golfnefndin einnig auglýst nýja keppni, svo nefnda Bikarkeppni lögfræðinga í golfi. Þátttökurétt eiga allir sem lokið hafa BA prófi í lögfræði. Leikin verður holukeppni með forgjöf milli sveita en hver sveit verður skipuð fjórum lögfræðingum og hugsanlega einum til vara. Í upphafi verður leikin riðlakeppni, með fjórum sveitum í hverjum riðli, en síðar verður útsláttarkeppni milli stigahæstu sveita. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu LMFÍ, en áhugasömum golfurum er jafnframt bent á að hægt er að skrá sig á golflista LMFÍ.

Golfnefndin

ÞARFT ÞÚ FRAMÚRSKARANDI VEFSÍÐU?



Traustur samstarfsaðili

www.outcome.is

Hvað á að gera við gögnin?

Um skjalavörslu lögmanna

PRÁTT FYRIR AÐ siðareglur lögmanna kveði skýrt á um skyldur lögmanna gagnvart umbjóðendum sínum hefur því lítið verið sinnt hvað verður um skjalasöfn einyrkja þegar þeir hætta störfum eða falla frá. Engin skilaskylda er á slíkum skjalasöfnum til Þjóðskjalasafns en LMFÍ, í samráði við Þjóðskjalasafn Íslands, hefur nú gert leiðbeiningar um afhendingu gagna lögmanna og eru þær nú aðgengilegar í handbók lögmanna á heimasíðu félagsins.

Í skjalasöfnum lögmanna er mikið af trúnaðarskjölum og það samræmist ekki siðareglum lögmanna að þau lendi hjá óviðkomandi þegar þeir hætta störfum eða falla frá. Samkvæmt siðareglum á trúnaðarskylda lögmans gagnvart skjólstæðingi að haldast eftir að verki lýkur, hann á að halda upplýsingum sem hann fær í starfi frá óviðkomandi og aldrei láta í té gögn eða upplýsingar um skjólstæðing eða fyrrverandi

skjólstæðing án dómsúrskurðar. Það getur hins vegar verið mikilvægt fyrir skjólstæðinga lögmanna að komast í skjöl er varða þeirra mál og því þarf að tryggja varðveislu og aðgengi að gögnunum.

Þegar lögmenn hætta störfum ganga þeir oftast frá skjalasafni sínu þannig að þeir geti fundið gögn ef eftir þeim er leitað. Sömuleiðis er algengt eftir andlát lögmanna að aðstandendur gæti vel að skjalasöfnunum eða setji þau í hendur lögmanna sem standa þeim nærri. Það er hins vegar erfitt að gera þá kröfu til ættingja lögmanna að þeir varðveiti skjalasafn þeirra þannig að siðareglur, sem þeir í fæstum tilfellum þekkja, haldist. Hvað þá að varðveita skjölin þannig að þau séu aðgengileg þegar á þarf að halda. Varla er hægt að skilgreina nánustu ættingja sem óviðkomandi en ef skjalasafn lögmans færi í hendur óviðkomandi gætu vissulega óheppileg tilvik komið upp þar sem á þessi ákvæði siðareglna reyndi.

Trúnaðarskylda lögmanna

Í leiðbeiningum Þjóðskjalasafns og LMFÍ verður er tilgáa um að miða við að gögn lögmanna sem varða skjólstæðinga þeirra megi ekki láta óviðkomandi í té fyrr en 80 árum eftir að skjal var búið til. Er það í samræmi við upplýsingalög sem gilda um skjöl stjórnvalda. Samkvæmt siðareglum lögmanna má hins vegar aldrei láta gögn í té sem varða skjólstæðinga svo hér er um ákveðna mótsögn að ræða. Sá sem yfirfer skjalasafn lögmans verður því að meta skjölin með þetta í huga en einnig ber að gæta að því að skjölin geta haft verulega þýðingu fyrir viðkomandi síðar meir. Önnur gögn geta farið í varðveislu safnsins og hluti af þeim með skilyrðum um hverjir megi fá aðgang að þeim.

Skil til Þjóðskjalasafns góður kostur

Nokkrum skjalasöfnum lögfræðinga hefur verið skilað til Þjóðskjalasafns Íslands. Þar eru þau flokkuð sem einkaskjalasöfn




ásamt öðrum skjölum óopinbera aðila sem ekki hafa skilaskyldu til safnsins. Öruggari geymslustað fyrir skjalasöfn er vart hægt að finna sem óviðkomandi hafa ekki aðgang að. Úr skjölunum er afgreitt samkvæmt afhendingarsamningi og skjöl sem varða viðkvæm mál einstaklinga eru lokuð. Þá geta fyrrum skjólstæðingar fengið afrit af gögnum ef þeir þurfa og afkomendur lögmanns eru lausir allra mála. Ekki má gleyma því að skjalasöfn lögmanns eru heimild um starfsemi þeirra á hverjum tíma og segja sögu lögmannsins og jafnvel lögmannsstarfsins í gegnum tíðina.

Eyrún Ingadóttir

ÞROTABÚ Í VARÐVEISLU ÞJÓÐSKJALASAFNS

Samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti á að skila þrotabúum til Þjóðskjalasafns Íslands, en miðað er við að skjölin séu afhent þegar skiptum er lokið. Sérstakar reglur gilda um frágang, skráningu og afhendingu þrotabúa og má nálgast þær á vef Þjóðskjalasafns. Í drögum að nýjum lögum um Þjóðskjalasafn sem nú liggja hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að skiptastjóri taki frá fjármuni til að sjá um frágang þrotabúa og varðveislu í sjö ár.

PANN 13. MAÍ s.l. útskrifuðust 33 lögmannsefni af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, en af þessum fjölda voru 16 konur og 17 karlar. Til fróðleiks má geta þess að alls hafa nú 563 lögfræðingar lokið námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á þeim tólf árum sem þessi námskeið hafa verið við líði. Af þessum fjölda þátttakenda eru 327 karlar (58,1%) og 236 konur (41,9%).



Útskrift hdl.



Sigrún Guðmundsdóttir, einn prófnefndarmanna, óskar Inga Frey Ágústssyni til hamingju.

Meistaramót LMFÍ 2011 í utanhússknattspyrnu

Mót vítaspyrnukeppninnar



Vítaspyrnukeppni þurfti til að skera úr um meistarana þetta árið.

FÖSTUDAGINN 20. MAÍ 2011 fór fram meistaramót LMFÍ í utanhússknattspyrnu. Eins og glöggir lesendur Lögmannablaðsins átta sig sjálfsagt á voru einungis liðnir sjö mánuðir frá síðasta meistaramóti sem fram fór 22. október 2010. Ekki er þó ætlunin að halda utanhússmótið svo oft á komandi árum heldur verður það framvegis haldið að vori og innanhússmótið að hausti. Þrátt fyrir norðan garra þetta vorið voru keppendur meistaramótsins svo heppnir að sól skein í heiði þennan eina dag þótt smávægilegar vindkviður inn á milli hafi ruglað hárgreiðsluna.

Að venju fór mótið fram á gervigrasvelli Frammara í Safamýri. Alls tóku 6 lið þátt í mótinu og var leikið í tveimur riðlum:

Riðill 1

Veritas og vinir
Logos FC
Mörkin / LR

Riðill 2

Reynsla og léttleiki (R&L)
S18
Opus / Ergo

Hver leikur var 2 x 12 mínútur og voru leikirnir dæmdir af dómurum frá KSÍ.

Úrslit í riðlakeppninni urðu sem hér segir:

Riðill 1

| | |
|--------------------------------|-----|
| Veritas og vinir – Logos FC | 1-1 |
| Mörkin / LR – Veritas og vinir | 1-0 |
| Logos FC – Mörkin / LR | 0-1 |

| | | |
|---------------------|-----|---------|
| 1. Mörkin / LR | 2-0 | 6 stig |
| 2. Logos FC | 1-2 | 1 stig* |
| 3. Veritas og vinir | 1-2 | 1 stig* |

* Logos FC komst áfram eftir vítaspyrnukeppni.

Riðill 2

| | |
|-------------------|-----|
| R&L – S18 | 3-2 |
| Opus / Ergo – R&L | 2-1 |
| S18 – Opus / Ergo | 0-1 |

| | | |
|----------------|-----|--------|
| 1. Opus / Ergo | 3-1 | 6 stig |
| 2. R&L | 4-4 | 3 stig |
| 3. S18 | 2-4 | 0 stig |

Í undanúrslitum mættust því annars vegar lið Markarinnar / LR og R&L og hins vegar lið Opus / Ergo og Logos FC. Úrslit urðu eftirfarandi:

| | |
|------------------------|------|
| Mörkin / LR – L&R | 2-2* |
| Opus / Ergo – Logos FC | 2-0 |

*L&R bar sigur úr býtum eftir vítaspyrnukeppni.



Lögmenn sýndu glæsileg tilþrif á vellinum.

Í leik um þriðja sætið mættust því lið Markarinnar / LR og Logos FC. Mörkin / LR fór þar með öruggan 5-1 sigur af hólmi.

Í úrslitaleiknum mættust á nýjan leik lið Opus / Ergo og R&L. Leikurinn var æsispennandi frá upphafi til enda og jafnt á með liðunum. Að venjulegum leiktíma loknum var staðan 1-1. Þurfti því að grípa til vítaspyrnukeppni til þess

að skera úr um mótsmeistarana þetta árið. Leikmenn liðs R&L nýttu sér þar alla sína reynslu og léttleika og stóðu að lokum uppi sem sigurvegarar eftir mjög svo harða baráttu. Eru þeir verðugir handhafar hins eftirsóttá titils.

Næsta mót er svo innanhússknattspyrnumótið sem haldið verður á haustmánuðum.

Knattspyrnunefndin



Liðsmenn R&L kampakátir með bikarinn.



cutting through complexity™

Úttekt á stjórnarháttum fyrirtækja

74% stjórnenda telja það skipta miklu máli að atvinnulífið fari eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Styrktu stjórnarhætti þíns fyrirtækis í samræmi við nýtt matsferli sem kynnt var á Viðskiptabingi.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Guðmundsdóttir í síma 545 6149 eða í tölvupósti bgudmundsdottir@kpmg.is

kpmg.is



Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar

Dóm- og skýrslutökutúlkun

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalaþýðandi

Skipholti 50B 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

Af Merði lögmanni

Mörður er mikill aðdáandi Árna prófasts Þórarinssonar, sem hann kynntist sem ungur maður á Snæfellsnesi. Mörður telur sig, eins og Árni forðum, sennilega eina manninn á jörðinni sem kann að ala upp börn. Mörður tók að vísu mjög takmarkaðan þátt í uppeldi eigin barna þar sem barnsmæður hans stöldruðu stutt við í sambúðinni. Mánaðarleg umgengni Marðar við börnin dugði skammt til að koma þeim almennilega til manns, en mun þó hafa bjargað því sem bjargað varð.

Mörður er ekki mikill aðdáandi fræðimanna almennt og sérstaklega ekki þeirra sem telja sig sérfræðinga í uppeldi og menntun barna. Síðan sérfræðingar fóru að kenna barnauppeldi hefur allt farið á verri veg. Í stað þess að halda uppi normal húsaga er börnunum gefin eiturlyf til að hafa hemil á óþekktinni. Þau sem ekki eru að drepa alla úr óþekkt eru of feit. Kurteisi og mannasiðir á undanhaldi meðan sjálfhverfa, frekja og yfirgangur þykir í góðu lagi og sýna sjálfstæði og styrk. Svo þegar á að reyna að skikka börnin til og kenna þeim góða siði í kristnum anda veifa þau einhverjum bæklingum um réttindi barna, sem eru hluti af kennsluefni í grunnskóla. Þá hafa nokkrir undarlegir menn, sem einhverra hluta vegna eru allir með sítt að aftan og tagl eða sköllóttir, stofnað til sérstaks félagsskapar til að berjast gegn guðstrú.

Mörður sér í hendi sér að fá börn eiga nú orðið möguleika að komast til manns. Enda mun það vera svo að þeir sem komast á fullorðinsár eru allir illa haldnir af alls kyns sjúkdómum. Algengasti sjúkdómurinn er svokölluð áfengissýki. Nú hefur Mörður aldrei haft ólyst á víni án þess að telja sig sjúkling. Mörður hefur hins vegar alltaf talið bindindi alvarlegan sjúkdóm sem virðist arfgengur. Helstu einkenni þess sjúkdóms eru almenn leiðindi og ólíklegt er að þeir sem eru verst haldnir líti nokkurn tíma glaðan dag.

Annar algengur sjúkdómur er mikill áhugi á kynlífi. Hann leggst á bæði kynin en birtingarmyndin er mismunandi. Til að reyna að halda sjúkdómseinkennum í skefjum hjá körlum hafa öll viðskipti með kynlíf verið bönnuð og allir staðir þar sem sést gæti til fáklæddra kvenna. Gamaldags daður og áreitni að hætti Marðar er einnig illa séð, eiginlega glæpsamleg. Mörður var talsvert illa haldinn af þessum sjúkdómi en sjúkdómurinn hefur tilhneigingu til að lækna af sjálfu sér með aldrinum. Nú er svo komið hjá Merði að sjúkdómseinkenna verður ekki vart lengur.

Þá er ónefndur sjúkdómur sem herjað hefur á fólk seinustu misseri og nefnist offita. Líkja má þessum sjúkdómi við faraldur. Mörður hefur einkenni þessa sjúkdóms sem lýsir sér í miklum ofvexti á vömb og stækkun brjósta. Ef Mörður hyldi andlit sitt gætu margir haldið að þar væri ólétt kona á ferð. Kannski ekki glæsileg en kona samt.

Sérfræðingar hafa uppgötvað nýjan sjúkdóm sem felst í tóbaksbrúki. Telst þessi sjúkdómur bráðdrepani. Líka fyrir þá sem standa nálægt sjúklingunum. Ættmenni Marðar í beinan karllegg hafa allir tuggið og reykt tóbak frá barnsaldri en samt lifað lengur en umhverfinu fannst æskilegt. Kannski er almættið að reyna fresta komu þess fólks eins og kostur er. Til að hefta útbreiðslu þessa skæða sjúkdóms hafa nokkrir frjálslyndir stjórnálamenn lagt til að tóbak verði aðeins selt samkvæmt læknisráði í apótekum. Sennilega verður bætt við vörum eins og áfengi, klámblöðum og hamborgurum og frönskum til að hefta útbreiðslu hinna sjúkdómanna.

Mörður hefur þegar skráð sig í apótekarafraði við HÍ í haust. Kannski verður Mörður loksins ríkur.



Hver ávaxtar peningana þína?

Íslensk verðbréf eru sjálfstætt og sérhæft eignastýringarfyrtæki sem þjónað hefur einstaklingum og fagfjárfestum frá árinu 1987.

Íslensk verðbréf eru staðsett á Akureyri og jafnframt með skrifstofu að Sigtúni 42 í Reykjavík sem þjónar viðskiptavinum félagsins á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Leitar þú að traustum og óháðum aðila til að ávaxta fjármuni þína?

Kynntu þér málið á www.iv.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700.

Við öflum fyrir þig



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

Félag kvenna í lögmennsku minnist aldarafmælis: Auður Auðuns, frumkvöðull og fyrirmynd

HINN 25. MARS síðastliðinn minntist Félag kvenna í lögmennsku Auðar Auðuns sem frumkvöðuls og fyrirmyndar á aldarafmæli hennar. Haldið var veglegt málþing í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og héldu þar erindi, auk undirritaðrar Hanna Birna Kristjánsdóttir forseti borgarstjórnar og fyrrv. borgarstjóri og Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Landsvirkjunar og fyrrv. dómsmálaráðherra, Þórunna Jónsdóttir framkvæmdastjóri hjá Auði Capital og kjarnorkukonurnar og mæðgurnar Guðrún Sesselja Arnadóttir hæstaréttarlögmaður og Guðrún Erlendsdóttir fyrrv. hæstaréttardómari.

Félaginu til fulltingis við undirbúning og framkvæmd málþingsins voru fjölskylda Auðar, Reykjavíkurborg og Auður Capital ásamt nokkrum lögmannsstofum sem styrktu málþingið rausnarlega. Það voru Logos lögmannsþjónusta, Lex lögmannsstofa,

Juris, Fulltingi, Advel lögfræðiþjónusta og Acta lögmannsstofa.

Pegar fyrsti „meydómur“ féll á Íslandi

Haustið 1930 innritaðist Auður Auðuns í lagadeild Háskóla Íslands. Á þessum tíma var háskólinn í fjórum deildum, en auk lagadeildar var læknadeild, guðfræðideild og deild norrænna fræða. Fáeinar konur voru í læknadeildinni, engin í guðfræðideild né í norrænu deildinni en alls voru stúdentar Háskóla Íslands 250, þar af 40 í lagadeildinni.

Hinn 11. júní 1935 þreytti Auður Auðuns embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna. Eftir útskrift bjó hún í heimabæ sínum Ísafirði og vann þar við ýmis lögfræðitengd störf og praktíseraði, en var þó aldrei með málflutningsstofu eða málflutningsréttindi.

Strax árið 1935, útskriftarárið, var

Auður sett sem dómari í einu máli við skiptaréttinn í Ísafjarðarsýslu en sitjandi bæjarfógeti og sýslumaður varð að víkja sæti vegna tengsla við aðila. Var það í fyrsta sinn sem kona settist í dómarsæti á Íslandi og mikill tímamótaviðburður. Var síðar haft eftir Auði sjálfri að gamansamur skólabróðir hennar hafi kallað þennan atburð „þegar fyrsti meydómur féll á Íslandi“.

Stjórnmalabáttaka Auðar

Árið 1936 giftist Auður Hermanni Jónssyni hæstaréttarlögmanni og eignuðust þau fjögur börn. Haustið 1945 lét Auður tilleiðast að taka þátt í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík. Varð hún þar í þriðja sæti. Var það í fyrsta sinn sem prófkjör var haldið á Íslandi og má það teljast verulega óvænt að kona skyldi hafa náð svo langt sem raun ber vitni. Eftir nauman





Auður Auðuns

kosningasigur flokksins árið 1946 varð Auður því bæjarfulltrúi í Reykjavík og sat hún sinn fyrsta fund í bæjarstjórn Reykjavíkur 2. febrúar 1946.

Frami Auðar í borgar- og landsmála-pólitíkinni var engu líkur. Auður var ekki einungis brauðryðjandi í stétt lögfræðinga heldur einnig í stjórnámálum. Hún var kjörin forseti bæjarstjórnar árið 1954, fyrst kvenna, og gegndi því starfi næstu 16 árin með einungis einu hléi, þ.e. þegar hún var borgarstjóri. Auður gegndi embætti borgarstjóra fyrst kvenna frá 19. nóvember 1959 fram í októbermánuð 1960 en hún deildi embættinu með Geir Hallgrímssyni. Á sama tíma var Auður kjörin á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn, eða árið 1959 og sat hún á Alþingi fram til ársins 1974. Við sviplegt andlát Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra á Þingvöllum árið 1970 tók Auður sæti í ríkisstjórn sem ráðherra fyrst kvenna, það var 10. október 1970 eftir að Jóhann Hafstein myndaði nýja ríkisstjórn. Auður var dómismálaráðherra og gegndi því starfi fram yfir kosningar sumarið 1971.

Frumkvöðull og fyrirmynd

Við undirbúning málfingsins var ég þeirrar ánægju aðnjótandi að ræða við nokkrar konur sem voru samtíða Auði og kynntust henni í starfi. Þær eru sammála um að Auður hafi verið fyrirmynd að öllu leyti. Hún var vinnusöm, klár, dugleg og traust. Hún hreykti sér ekki af verkum sínum heldur lét verkin tala. Hún lét ekki pólitískar skoðanir þvælast fyrir sér í samstarfi og gat starfað með hverjum sem er, væri málefnið gott og þarft. Hún vann ötullega að réttindum kvenna, m.a. með hjá Mæðrastyrksnefnd, en auk þess sat hún í stjórn Kvenréttindafélags Íslands í áratugi og var í sendinefnd Íslands til Sameinuðu þjóðanna á þeim tíma sem Yfirlýsing SP um afnám alls misréttis gagnvart konum varð til og kvennaáratugur SP leit dagsins ljós. Auður kom jafnframt til leiðar mikilvægum lagasetningum er vörðuðu rétt kvenna. Má þar nefna ný hjúskaparlög sem urðu að lögum 1972 og jöfnuðu rétt kvenna til jafns við karla til eigna í hjúskap og hún beitti sér mjög fyrir lögum um launajöfnuð karla og kvenna.

Í lokin

Vert er að hafa í huga að LMFÍ var stofnað árið 1911, sem er einmitt fæðingarár Auðar Auðuns. Sem fyrr segir útskrifaðist Auður fyrst kvenna úr lagadeild Háskóla Íslands árið 1935 en það liðu 14 ár þar til næsta kona útskrifaðist úr lagadeildinni. Það var Rannveig Þorsteinsdóttir. Rannveig fékk málflutningsréttindi árið 1952 fyrst kvenna og var þ.a.l. fyrsta konan sem varð aðili að LMFÍ, rúmum 40 árum eftir stofnun þess. Rannveig stofnaði eigin málflutningsskrifstofu í Reykjavík 1949, fékk réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1952 og fyrir Hæstarétti 1959. Hún var kjörin heiðursfélagi LMFÍ 1979 og er eina konan í þeim hópi.

Það er von undirritaðrar að konum í LMFÍ, bæði frumkvöðlum og fyrirmyndum sem og þeim sem nú eru í félaginu, verði gert hátt undir höfði á afmælisári félagsins.

Heimild: Björg Einarisdóttir: „Auður Auðuns“ Andvari 2004, 11-76.

Þyrí Halla Steingrimsdóttir bdl.



Frá vinstri: Guðrún Erlendsdóttir, Guðrún Sesselja Arnardóttir, Ragna Árnadóttir, Þórunn Jónsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Þyrí Halla Steingrimsdóttir.



Dómur EFTA dómstólsins í máli nr. E-2/10 og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-10868/2009

Þór Kolbeinsson gegn íslenska ríkinu – seinni grein

Í FYRRI GREIN minni um mál Þórs Kolbeinssonar gegn íslenska ríkinu sem birtist í 1. tbl. Lögmannablaðsins 2011 voru helstu málavextir reifaðir í dómi EFTA dómstólsins í máli nr. E-2/10 auk þess sem greint var frá svörum EFTA dómstólsins til Héraðsdóms Reykjavíkur. Í seinni grein minni mun ég bæði fjalla um fyrrgreindan dóm EFTA dómstólsins og nýfallinn dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. apríl 2011 þar sem íslenska ríkið var sýknað af kröfum Þórs. Ég er í verulegum atriðum ósammála forsendum dómsins og tel hann ganga í berhögg við álit EFTA dómstólsins. Hið takmarkaða rými sem ætlað er fyrir grein af þessu tagi í Lögmannablaðið veldur því að aðeins er hægt að stikla á stóru í umfjölluninni hér á eftir.

Forsendur dómsins

Sýknuástæður Héraðsdóms Reykjavíkur eru reifaðar í allöngu máli en kjarni röksemda dómsins eru í eftirfarandi

forsendum: „*Hér verður að líta til meginreglunnar sem fram kemur í 116. gr. laga um meðferð einkamála, um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greini þar til hið gagnstæða er sannað. Enn fremur verður að leysa úr framangreindu álitæfni með tilliti til reglunnar um að dómsúrlausn er ávallt báð því hvernig mál hefur verið lagt fyrir dóminn í samræmi við fyrirmæli í 2. mgr. 111. gr. sömu laga. Af dómi Hæstaréttar verður ekki ráðið að ókleift hafi verið að leggja til grundvallar við úrlausn málsins þau markmið sem stefnandi vísar til í formála tilskipunarinnar vegna þess að hún hefði ekki verið innleidd í íslenskan rétt. Að þessu virtu er ekki fallist á þau rök stefnanda að með dómi Hæstaréttar hafi verið sýnt fram á að framangreint ákvæðið hafi ekki verið réttilega innleitt í íslenskan rétt. Röksemdum stefnanda fyrir því að með þessu hafi verið sýnt fram á brot, sem stefnandi lýsir og telur að leiði til skaðabótaskyldu stefnda gagnvart honum, er því hafnað“.*

Í fyrsta lagi er ljóst að 116. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála (eml.) getur ekki haft nein áhrif í máli Þórs gegn íslenska ríkinu nema hvað varðar sönnunargildi um málsatvik. Dómur Hæstaréttar frá 20. desember 2005 í máli Þórs Kolbeinssonar gegn Ístaki hf. er milli annarra aðila og fjallar um annars konar sakarefni en til meðferðar er í máli Þórs gegn íslenska ríkinu. Það, að leggja til grundvallar málsatvik eins og þau voru talin vera í dómi Hæstaréttar frá 20. desember 2005, hefur undir engum kringumstæðum þær afleiðingar að til sýknu leiði né leggur það neins konar grunn að sýknu. Í öðru lagi er tilvísun dómsins til 2. mgr. 111. gr. eml. algerlega óskiljanleg með vísan til þess að meginþungi málatilbúnaðar Þórs í málinu gegn Ístaki var byggður á tilskipununum tveimur. Það vekur raunar sérstaka athygli að Hæstiréttur skyldi ekki í dómi sínum 20. desember 2005 minnst einu orði á tilskipanirnar tvær, jafnvel þó meginþungi málatilbúnaðar Þórs væri byggður á þeim. Í þriðja lagi fæst ekki séð að neinu máli skipti um það sakarefni sem til úrlausnar er í málinu þó mögulegt hafi verið

að leggja formála tilskipunarinnar til grundvallar niðurstöðunni. Þess vegna fær greinarhöfundur ekki skilið að þau rök Héraðsdóms fyrir sýknu að ... „(A)f dómi Hæstaréttar verður ekki ráðið að ókleift hafi verið að leggja til grundvallar við úrlausn málsins þau markmið sem stefnandi vísar til í formála tilskipunarinnar vegna þess að hún hafi ekki verið innleidd í íslenskan rétt“.

Ósamræmi milli tilskipunar og íslensks réttar

Þá virðist kjarni röksemda Héraðsdóms Reykjavíkur enn fremur birtast í eftirfarandi forsendum: „Álit EFTA-dómstólsins veitir því ekki viðhlítandi tilsögn um það hvort dómur Hæstaréttar teljist að þessu leyti vera í andstöðu við umrætt tilskipunarákvæði og sé þar með staðfesting á því að tilskipunin hefði ekki verið réttilega innleidd í íslensk lög. Með vísan til þessa ber að hafna því að álit EFTA-dómstólsins og úrlausn Hæstaréttar staðfesti að reglan um ábyrgð atvinnuveitanda samkvæmt framangreindum ákvæðum tilskipunarinnar hafi ekki verið rétt innleidd í íslenskan rétt á þann hátt sem málalíbúnaður stefnanda er reistur á.“

Með sömu rökum ber að hafna því að af dómi Hæstaréttar verði ráðið að önnur ákvæði í sömu tilskipun hafi ekki verið réttilega innleidd í íslenskan rétt. Hvorki verður af dóminum né álini EFTA-dómstólsins ráðið að slysið verði rakið til þess að forvörnum, skipulagningu eða leiðbeiningum og tilsögn vinnuveitanda hafi ekki verið sinnt sem leitt hafi til þess að stefnandi hafi ranglega verið látinn bera tjón sitt sjálfur, eins og baldið er fram af hans hálfu. Ályktanir stefnanda um að ákvæði tilskipunarinnar, sem hann vísar til, hafi ekki verið réttilega innleidd að þessu leyti í íslenskan rétt eru því ekki á nægum rökum reistar og verða því ekki lagðar til grundvallar við úrlausn sakarefnisins.“

Um þetta er eftirfarandi að segja.

Algerlega er augljóst af dómi EFTA dómstólsins sbr. t.d. 55. – 57. gr. dómsins að kjarninn í skyldum vinnuveitanda skv. tilskipuninni felst í þeirri meginreglu að ábyrgðin á öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustað hvíli fyrst og fremst á vinnuveitanda. EFTA dómstóllinn var af Héraðsdómi Reykjavíkur ekki beðinn sérstaklega að tjá sig um það hvort tilskipunin hafi vera réttilega innleidd í íslenskan rétt en tjáir sig þó um það á eftirfarandi hátt í 77. gr. dómsins: „EFTA-dómstóll inntekur í upphafi fram, að svara verður síðari spurningu Héraðsdóms Reykjavíkur á grundvelli þeirrar forsendu sem gengið er út frá í spurningunni. Hún er sú að hafi EES-réttur verið brotinn, þá felist brotið í því að íslenski löggjafinn hafi ekki innleitt EES-reglur réttilega í landsrétt.“ Það má því annars vegar ráða það af dómi EFTA dómstólsins og liggur hins vegar í augum uppi við einfaldan samanburð á tilskipuninni og íslenskum rétti, að hrópanði ósamræmi er þar á milli hvað ábyrgð vinnuveitanda varðar á öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustað.

Merkilegur dómur fyrir íslenskan rétt

Það er skoðun mín að dómur EFTA dómstólsins afgreiði í raun öll álitaefti málsins nema ef vera mætti eitt bótaskilyrði, þ.e. spurninguna um hvort um alvarlega vanrækslu hafi verið að ræða. Að því gefnu að Hæstiréttur muni fara að álitinu og komast að þeirri niðurstöðu að um alvarlega vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu íslenska ríkisins, virðist mér það eina sem eftir er fyrir réttinn að taka afstöðu til sé hve mikla eigin sök Þór á að bera á tjóninu sem hann varð fyrir í vinnuslysinu, þ.e. eigi hún einhver að vera.

Almennt er dómur EFTA dómstólsins og aðdragandi hans um margt merkilegur fyrir íslenskan rétt. EFTA dómstóllinn virðist í máli Þórs ganga lengra en hann hefur áður gert við að auka „áhrif“ sín á landsréttinn ef svo má að orði komast. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu

í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur að EFTA ríkin gætu orðið skaðabótaskyld að vissum bótaskilyrðum fullnægðum ef einstaklingur yrði fyrir tjóni vegna rangrar innleiðingar á tilskipun sem er hluti EES samningsins. Í dómi sínum í máli Karls K. Karlssonar hf. komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það sama gilti um lögaðila sem yrði fyrir fjártjóni vegna rangrar aðlögunar íslenska ríkisins á fjórfrelsisákvæðunum í meginmáli samningsins. Í máli Þórs er aðstaðan hins vegar sú, að Þór hefur farið eina umferð í gegnum íslenska dómkerfið þar sem málalíbúnaðurinn var m.a. byggður á EES reglum, áður en hann höfðaði bótamálið gegn íslenska ríkinu.

Jafnvel þó EFTA dómstóllinn segi (63.gr.) að það sé hlutverk Héraðsdóms Reykjavíkur að meta hvort það hafi verið í samræmi við tilskipanirnar eins og þær hafa verið túlkaðar af EFTA dómstólnum, að hafna með öllu greiðslu skaðabóta til Þórs með vísan til reglna íslensks skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola, er algerlega augljóst af svari dómstólsins að sú niðurstaða var í bága við ákvæði tilskipananna eins og EFTA dómstóllinn túlkar þær. Þetta er hefðbundinn háttur EFTA dómstólsins við að svara spurningunum sem fyrir hann eru lagðar með tilliti til sjálfstæðis íslenskra dómstóla. Þannig er mjög algengt að forúrskurðir Evrópu dómstólsins og ráðgefandi álit EFTA dómstólsins leiði til þess að lítið svigrúm verður fyrir dómstóla aðildarríkjanna til að komast að annarri niðurstöðu en veitt er leiðbeining um í forúrskurðunum eða álitunum sem þannig kveða býsna nákvæmlega á um hvernig dómstólarnir telji að túlka eigi Evrópureglurnar. Allt er þetta þó sagt með þeim fyrirvara að dómstólar aðildarríkjanna virði forúrskurðina og hin ráðgefandi álit.

Rétt er að fram komi að mál Þórs Kolbeinssonar gegn íslenska ríkinu er rekið af Einari Gauti Steingrímssyni hrl. en greinarhöfundur flutti mál Þórs fyrir EFTA dómstólnum fyrir hans hönd.



**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI
FYRIR HÆSTARÉTTI**

Arnar Þór Stefánsson hrl.

LEX ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Rúnar Guðjónsson hrl.

Brúalandi 5
108 Reykjavík
Sími: 895-9832

Valtýr Sigurðsson hrl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Ásbjörn Jónsson hrl.

Lögfræðistofa Suðurnesja
Hafnargötu 51-55
260 Reykjaneshæð
Sími: 420-4095

Arnar Þór Jónsson hrl.

Réttur - Aðalsteinsson &
Partners
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206

Bogi Ísak Nilsson hrl.

Giljalandi 21
108 Reykjavík

Kristbjörg Stephensen hrl.

Reykjavíkurborg
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 411-1000

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÉRAÐSDÓMI**

Ágúst Ólafsson hdl.

Lagarök lögmannsstofa
Síðumúla 27
105 Reykjavík
Sími: 588-1177

Ásmundur Tryggvason hdl.

Lögmenn Austurstræti
Bankastræti 5
101 Reykjavík
Sími: 578-0080

Bjarni Þór Bjarnason hdl.

LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

**Fanney Birna
Jónsdóttir hdl.**

Opus lögmenn ehf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 552-2299

**Guðrún Halla
Danielsdóttir hdl.**

Juris slf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

**Guðrún Inga
Torfadóttir hdl.**

Íslandsbanki hf
Kirkjusandi
105 Reykjavík

**Halldóra
Þorsteinsdóttir hdl.**

JP lögmenn
Höfðatorgi
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Hannes Sigurðsson hdl.

Landsbanki Íslands hf.
Austurstræti 16
155 Reykjavík

**Haraldur Flosi
Tryggvason hdl.**

Lögmenn Bankastræti
Bankastræti 5
101 Reykjavík
Sími: 578-0080

**Hólmfríður Björk
Sigurðardóttir hdl.**

Juris slf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

Hólmgeir El. Flosason hdl.

Ernst & Young hf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 595-2500

Ingi Freyr Ágústsson

Lögmenn Árbæ
Nethyl 2b
110 Reykjavík
Sími: 568-1245

Jón Skaftason hdl.

LOGOS lögmannsþjónusta
42 New Broad Street
EC 2M1JD London
Sími: +44 7525902819

Júlí Ósk Antonsdóttir hdl.

Vox lögmannsstofa
Mörkinni 3
108 Reykjavík
Sími: 862-9828

Lilja Margét Olsen hdl.

Iceland Express
Efstalandi 26
108 Reykjavík
Sími: 550-0672

Undirbúningur aldarafmælis LMFÍ

Í TÍLEFNI ALDARAFMÆLIS LMFÍ þann 11. desember nk. skipaði stjórn félagsins nokkra valinkunna lögmenn í afmælisnefnd til að undirbúa með hvaða hætti tímamótanna verði minnst. Búið er að ákveða að halda málþing þann 7. október n.k. um réttarríkið á viðsjárverðum tímum og hlutverk lögmanna og lögmannafélaga í því samhengi. Síðar sama dag verður félagsmönnum boðið til veglegrar móttöku í Hörpu en nefndin verður einnig með puttana í gerð afmælisútgáfu Lögmannablaðsins sem gefið verður út í kringum sjálfan afmælisdaginn.



Afmælisnefnd LMFÍ, f.v.: Guðrún Björg Birgisdóttir, Helgi Jóhannesson, Ása Ólafsdóttir, Gunnar Jónsson og Árni Vilhjálmsson ásamt Ingimar Ingasyni framkvæmdastjóra. Á myndina vantar Viðar Lúðvíksson.

Snæfellsjökull sem hvarf

Í MAÍ SÍÐASTLIÐINN auglýsti félagsdeild LMFÍ göngu upp á Snæfellsjökul en margt fer öðruvísi en ætlað er og hér koma við sögu hlandskór og ísbjarnarfæla.

Það var fámennur hópur sem lagði af stað frá höfuðborginni snemma að morgni laugardagsins 21. maí. Ætlunin var að ganga upp á Snæfellsjökul og fara að því loknu í Amtmannshúsið á Arnarstapa og borða kvöldverð sem tveir sjálfbodaliðar höfðu tekið að sér að útbúa.

Þegar komið var á Snæfellsnes var jökullinn hvergi að finna í þokunni. Uppi voru hugmyndir að leita hans en ískaldur norðurheimskautsvindur feykta þeim á haf út. Plan B var dregið upp úr vasa fararstjórans, Láru V. Júlíusdóttur, sem var að ganga hina ægifögru leið milli Búða og Arnarstapa.

Fjöldamorðingjar og saxaðir limir

Þegar leggja átti af stað frá kirkjunni á Búðum kom í ljós að einn göngumanna hafði gleymt gönguskónum og voru góð ráð dýr. Þar sem enginn var jökullinn tók hann þann kost að ganga í svokölluðum hlandskóm en nafngiftina fengu skórnir þar sem þeir eru venjulega notaðir á áningarstað í hestaferðum. Annar göngumaður setti upp eiturgulan sjóhatt



Arnór Hafstað fékk sér sæti í fínasta státsstofustól sem staðsettur var í sandinum. (Mynd GMH)



til að fæla frá ísbirni, yrðu þeir á annað borð á vegi hópsins. Svo var haldið af stað meðfram ströndinni og öðru hvoru fræddi Lára fararstjóri hópinn um það sem á vegi varð. Meðal annars var horft heim að Öxl þar sem Axlar-Björn, frægasti fjöldamorðingi Íslandssögunnar, bjó og höfð eftir orð konu hans þegar búið var að brjóta alla útlími hans; „Heldur tekur nú að saxast á limina hans Björns míns“. Munninn á Búðahelli var skoðaður, skoppað yfir læki, vaðið yfir ár og skoðað allt sem á vegi varð.

Undur undir jökli

Þennan hryssingslega maídag hafði verið boðað að heimurinn myndi farast og undir jökli, sem var þó hvergi að sjá, gat það hljómað sennilega. Og fleira dularfullt gerðist þennan dag. Ekki

verður útskýrt hvernig á því stóð að einn göngumanna blotnaði ekki þótt hann settist niður í miðri á né heldur af hverju fínasti státsstofustóll fannst í fjöru þegar göngumaður á hlandskóm gerðist móður.

Þegar komið var til Arnarstapa var farið í Amtmannshúsið sem var upphaflega byggt um 1780 af dönsku konungsversluninni fyrir kaupmanninn á Stapa og er með elstu húsum landsins. Húsráðendur þar eru Lára V. Júlíusdóttir og Þorsteinn Haraldsson en heitur pottur og veitingar biðu göngumóðra. Frábær dagur endaði með veislu við langborð þar sem sögur fuku og hlátrasköll heyrðust til Bárðar Snæfellsáss í næsta nágrenni. Aldrei sást til jökuls sem þó var nálægur allan tímann.

EI



Kappklæddir ferðalangar. F.v. Páll Arnór Pálsson, Guðmundur Rafn Bjarnason, Berglind Svavarsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Eyrún Ingadóttir, Arnór Hafstað, Friðfinnur Hermannsson, Lára V. Júlíusdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir og Guðrún Margrét Hannesdóttir. (Mynd ÁBV)

JENS PÉTUR JENSEN,
FRAMKVÆMDASTJÓRI INTERNETS Á ÍSLANDI HF (ISNIC).



Lén fyrirtækja oft verðmæt réttindi

Til athugunar fyrir bústjóra og aðra umboðsmenn

MEÐ ÞESSUM GREINARSTÚF vil ég benda lesendum Lögmannaþingsins á nokkur mikilvæg atriði sem hafa þarf í huga varðandi umsýslu .is-léna, en um rekstur þeirra sér ISNIC (IS Network Information Center).

Vörumerkið Coca-Cola var þar til fyrir fáum árum álitid vera verðmætasta vörumerki heims. Frá árinu 2007 nefna flestir sérfræðingar á þessu sviði hins vegar Google sem verðmætasta vörumerki heims og innan tíðar gæti það orðið Facebook. Munurinn á vörumerkjunum Google og Facebook annars vegar og Coke hins vegar, er sá að Google og Facebook er ekki hægt að nálgast annars staðar en á Internetinu. Aðeins með því að kalla lénin (e. domains) þeirra upp í vafra, t.d. google.is, fær maður notið þjónustunnar.

Meginatriðið varðandi örugga meðhöndlun léns er að skráningarupplýsingar þess séu réttar á öllum tímum í réttshafaskrá ISNIC (oft kölluð „Whois“) en réttshafi lénsins er ábyrgur fyrir því að svo sé. Skráningarskírteini allra .is-léna

má skoða með því að rita nafn lénsins ásamt .is-endingunni inn í Whois-leitargluggann, sem er staðsettur efst til hægri á vef ISNIC (www.isnic.is).

Svonefndur „tengiliður réttshafa“ léns (oftast réttshafinn sjálfur) hefur tæknilega séð full umráð yfir léninu. Þetta þýðir t.d. að hann getur breytt öllum skráningarupplýsingum lénsins í réttshafaskránni, þ. á m. getur hann skipt um réttshafa lénsins hvenær sem er. Aðrir tengiliðir lénsins hafa minni réttindi. Allir geta skráð sig sem tengilið og fengið notandanafn á vef ISNIC (svonefnt NIC-auðkenni) en það er nauðsynlegt að hafa til að geta orðið „tengiliður léns“ og til að geta skráð .is-lén. Engin tæknileg kunnátta er nauðsynleg til að skrá lén eða gerast tengiliður léns.

Læsing léns

Fyrir bústjóra þrotabús sem skráð er fyrir verðmætum lénnum kann að vera nauðsynlegt að gera eftirfarandi: Í fyrsta lagi að yfirtaka hlutverk „tengiliðs réttshafa“ og öðlast þar með umráð yfir lénunum og í öðru lagi að skipta um réttshafa þeirra léna sem í hlut eiga og skrá þrotabúið fyrir þeim á meðan á gjaldþrotameðferð stendur. Sé hins vegar uppi deila um réttinn til lénanna, sem vísað hefur verið til víðeigandi yfirvalda, getur bústjóri látið læsa skráningarupplýsingum lénsins hjá ISNIC. Læsing léns er nýlegur þjónustuliður sem sótt er um með rafrænum hætti á vef ISNIC. Læsingin er í sjálfu sér neikvæð aðgerð gagnvart réttshafanum

(viðskiptamanni ISNIC) og til þess eins ætluð að koma í veg fyrir réttshafaskipti léns á meðan á málsmeðferð stendur. Því er það sem læsingin er framkvæmd án vitundar réttshafans (læsingarþolandans), þ.e.a.s. hann fréttir fyrst af henni eftir að hún er orðin. Læsing léns felur í sér að ekki er hægt að skipta um réttshafa þess, en lénid heldur eigi að síður tæknilegri virkni sinni, s.s. gagnvart tölvupósti og vef (heimasíðu). Læsingin gildir fyrst í allt að 6 mánuði og hana má framlengja einu sinni um jafnlangan tíma án þess að leggja fram ný gögn. Læst lén verður opnað þegar sættir takast í deilu, eða þegar dómur eða úrskurður yfirvalds liggur fyrir. Læsingarbeiðandi verður sjálfkrafa nýr réttshafi lénsins vinni hann málið, eða ef læsingarþolandi samþykkir sátt með því að smella á þar til gerðan takka sem er virkur á hans notandasvæði í ISNIC-kerfinu á meðan á læsingu lénsins stendur.

Lögmenn, bústjórar og aðrir umboðsmenn réttshafa léna eru hvattir til að kynna sér reglur og vefþjónustu ISNIC, t.d. með því að skrá lén sjálfir, en slíkt kostar ekkert skilji menn nýskráð lén eftir ógreitt í biðröð nýrra léna. Þá er sjálfsagt mál fyrir lögmenn að vera sjálfir skráðir sem tengiliður réttshafa eigin léna. ISNIC veit nokkur dæmi þess að lén hafi tapast úr þrotabúum vegna athugunarleysis bústjóra, sem er óþarfi. Eins og dæmin tvö í byrjun greinarinnar sýna verða réttindi til léna sífellt verðmætari eftir því sem Internetinu vex fiskur um hrygg.



Stórt verk lítið mál

Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogur
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

Bæklingar / Umslög / Tölvupappír / Öll almenn prentun



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.

Advel lögfræðipjónusta ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 520-2050

María Hrönn Guðmundsdóttir hdl.

Lex lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Ragnhildur Elín Lárusdóttir hdl.

Lögfræðimiðstöðin ehf.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði
Sími: 555-7722

Símon Þór Jónsson hdl.

Deloitte hf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3018

Snorri Sturluson hdl.

Bugðulæk 3
105 Reykjavík
Sími: 662-4600

Víðir Smári Petersen hdl.

Lex
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Anna Svava Þórðardóttir hdl.

Gjaldheimtan ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 570-5500

Björn Hafsteinsson hdl.

Embla lögmennt ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

NÝR VINNUSTAÐUR

Arndís Anna K. Gunnarsdóttir hdl.

Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 530-2600

Ása Arnfríður Kristjánsdóttir hdl.

Velferðarsvið Kópavogsbæjar
Fannborg 4
200 Kópavogur
Sími: 570-1500

Birgir Már Björnsson hdl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Dóra Sif Tynes hdl.

Advel lögfræðipjónusta
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 520-2050

Eiríkur Hauksson hdl.

Skípti hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Sími: 550-6000

Fróði Steingrímsson hdl.

D&F lögfræðipjónusta slf.
Vesturgötu 10
101 Reykjavík
Sími: 552-8100

Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.

JP lögmennt
Höfðatorgi
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Gylfi Jens Gylfason hdl.

Lögmannsstofa Guðbjarna
Eggertssonar ehf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 578-8710

Haraldur Flosi Tryggvason hdl.

Lögmennt Bankastræti slf.
Bankastræti 5
101 Reykjavík
Sími: 578-0080

Herdís Hallmarsdóttir hrl.

EMBLA lögmennt ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Ingibjörg Björnsdóttir hdl.

EMBLA lögmennt ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Kári Hrafn Kjartansson hdl.

NBI hf.
Tryggvagötu 26, 2. hæð
101 Reykjavík
Sími: 410-5819

Kristján Ólafsson hrl.

Faktum lögmennt
Laugavegi 59
101 Reykjavík
Sími: 552-2420

Kristrún Elsa Harðardóttir hdl.

EMBLA lögmennt ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Óttar Pálsson hrl.

LOGOS lögmannsstofa
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540 0300

Rut Gunnarsdóttir hdl.

Íslandsbanki hf.
Kirkjusandi
105 Reykjavík
Sími: 440-4586

Teitur Björn Einarsson hdl.

OPUS lögmennt
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 552-2299

Vífill Harðarson hdl.

Juris slf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

NÝTT AÐSETUR

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.

Túngötu 6
101 Reykjavík
Sími: 691-8701

JÁS Lögmennt

Höfðatúni 2, 15. hæð
105 Reykjavík
Sími: 594-4545

Jónatansson & Co lögfræðistofa

Hróbjartur Jónatansson hrl.
Sveinn Jónatansson hdl.
Jónatan Sveinsson hrl.
Jón Þór Ólason hdl.

Suðurlandsbraut 6, 4. hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-3434

Juris slf.

Andri Árnason hrl.
Bjarni Aðalgeirsson hdl.
Edda Björk Andradóttir hdl.
Guðrún Margrét
Eysteinsdóttir hdl.
Indriði Þorkelsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Páll Ásgrímsson hdl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl.
Þóra Jónsdóttir hdl.

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

Lögmennt v/ Austurvöll

Gísli Baldur Garðarsson hrl.
Sigmundur Hannesson hrl.
Tómas Þorvaldsson hdl.
Ægir Guðbjarni
Sigmundsson hdl.
Eyvindur Sólmes hdl.
Andri Óttarsson hdl.

Höfðatúni 2, 15. hæð
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Megin lögmannsstofa

Arnór Halldórsson hdl.
Hjördís E. Harðardóttir hrl.
Feldís Lilja Óskarsdóttir hdl.
Sonja María
Hreiðarsdóttir hdl.
Lára Sverrisdóttir hdl.

Skipholti 50D
105 Reykjavík
Sími: 530 1800

Pétur Kristinsson hdl.

Málflutningsstofa
Snæfellsness
Aðalgötu 2
340 Snæfellsnes
Sími: 438-1199

Valgeir Kristinsson hrl.

Sólvallagötu 84
101 Reykjavík
Sími: 564-2080

Guðmundur St. Ragnarsson hdl.

Versus lögmennt
Síðumúla 13
108 Reykjavík
Sími: 515-1800



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is